

Ritstj: Andri Ómarsson Ábm: Eygló Rúnarsdóttir

## **Formannspistill**

Það eru óvissutímar í íslensku samfélagi og blikur á lofti hvað snertir alla þjónustuþætti samfélagsins. Rannsóknir sýna að börn og unglingar búa yfir seiglu sem fleytir þeim oft í gegnum erfiða reynslu. En stuðningsnet barna og unglinga þarf að vera gott og öflugt frítímastarf er veigamikill þráður í því neti. Því reynir á okkur, fagfólk á vettvangi frítímans, að hlúa vel að

frítímaþjónustunni og fylkja okkur saman til verndar faginu, fagumhverfinu og gildum fagstarfsins, börnum, unglingum og fjölskyldum þeirra til heilla.

Félagsmönnum, sem gengið hafa frá greiðslu árgjaldsins, hefur nú verið sendur USB minnislykill. Markmiðið er að félagsmenn eignist nytsaman hlut með merki félagsins sem þeir geta stoltir nýtt í leik og starfi.

Félagið hefur gegn vinnuframlagi stjórnar haft tekjur af umsjón og utanumhaldi á námskeiðunum Verndum þau og því gefst tækifæri til þess að fjárfesta í félagsmönnum með þessum hætti núna.

Fyrir hönd stjórnar, Eygló Rúnarsdóttir formaður FFF



## Kompás - námsefni í mannréttindafræðslu

Á fyrsta hádegisverðarfundi vetrarins fjallaði Aldís Yngvadóttir, ritstjóri hjá Námsgagnastofnun, um Kompás sem er náms- og kennsluefni um mannréttindi.

Í bókinni eru lýsingar á 49 viðfangsefnum sem byggjast öll á virkri þátttöku nemenda þar sem fjallað er um fjölbreytt málefni og mismunandi réttindi. Í bókinni er einnig að finna hugmyndir og ábendingar um hvað er hægt að gera til að stuðla að mannréttindum, ítarefni um mannréttindi og önnur hnattræn málefni.

Kennsluaðferðir bókarinnar leggja áherslu á að auka þekkingu, efla færni og móta gildismat og viðhorf með aðferðum reynslunáms. Kennaramenntun er ekki skilyrði fyrir notkun efnisins og ekki er nauðsynlegt að vera "sérfræðingur" á sviði mannréttinda til þess að nota Kompás. Því er tilvalið fyrir félagsmenn að nýta sér efnið, sem er mjög aðgengilegt.

Þýðing bókarinnar er á lokastigi og nú er unnið að prófarkarlestri. Hægt er að nálgast bókina á ensku á http://www.ecyb.coe.int/compass/. Glærur frá fyrirlestrinum eru á heimasíðu félagsins. www.fagfelag.is



## Barnasáttmálinn á Náum áttum fundi 19. nóv



Samstarfshópurinn Náum áttum, sem FFF er aðili að, heldur fræðslufund um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á GRAND hótel í Reykjavík miðvikudaginn 19. nóvember kl. 8:15 til 10:00. Þórhildur Líndal fjallar um barnasáttmálann og veltir því

upp hvort þar séu einungis innantóm orð, Hrefna Friðriksdóttir fjallar um öryggi og vernd í lögum, Margrét Júlía Rafnsdóttir fjallar um námsefni úr Barnasáttmálanum og Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður fjalllar

um lögfestingu barnasáttmálans.

Þátttökugjald er 1.500 kr. Morgunverðarfundurinn er opinn öllum meðan húsrúm leyfir. Fundarstjóri er Margrét María Sigurðardóttir.

